



## KÓPAVOGSBÆR

### Framtíðarstarf við Íþróttamiðstöðina Versali

- Laust er til umsóknar starf við laugarvörslu/baðvörslu karla við Íþróttamiðstöðina Versali.

Um er að ræða 100% stöðugildi. Unnið er í vaktavinnu.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 1. ágúst eða fyrr.

Laun eru samkvæmt samningi Starfsmannafélags Kópavogs og Launanefndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar gefur **Guðmundur P. Harðarson forstöðumaður** í síma **570 0480, 896 4375** og [guðmundurh@kopavogur.is](mailto:guðmundurh@kopavogur.is)

Íþróttamiðstöðin Versalir var tekin í notkun í apríl 2005 og er staðsett í Salahverfi í Kópavogi.

Þar er að finna sundlaugar, heita potta, íþróttahús með séraðstöðu fyrir fimleika, heilsurækt o.fl.

Um 35 manns vinna í miðstöðinni, við þjónustustörf, þrif og öryggisgæslu.

Helstu notendur þjónustunnar eru sundgestir á öllum aldri, skólabörn, heilsuræktarfólk, fimleikafólk og aðrir íþróttaiðkendur. Íþróttamiðstöðin er reyklaus vinnustaður.

Við leitum að reglusömu starfsfólki með góða samstarfseiginleika og þjónustulund.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)



## Vilt þú hafa jákvæð áhrif á lífsgæði annarra?

Heimaþjónusta InPro veitir einstaklingum persónulega þjónustu í heimahúsum sem ávallt er sérsniðin að þörfum viðskiptavinarins og fjölskyldu hans.

Þjónustunni sinna einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn sem eiga það sameiginlegt að hafa metnað til að veita gæðaðþjónustu með það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks.

Hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samvirkusemi
- Rík þjónustulund
- Polinmæði
- Sveigjanleiki
- Heiðarleiki

**InPro hvetur sérstaklega einstaklinga fjórtíu ára og eldri til að sækja um**

Umsókn ásamt starfsferilsskrá skal senda til [elisa.ingvarsdottir@inpro.is](mailto:elisa.ingvarsdottir@inpro.is)  
Nánari upplýsingar veitir Elísa í síma 555 7600

InPro er þjónustufyrirtæki á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilbrigðisþjónustu. Stefna fyrirtækisins er að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks. Hjá fyrirtækinu starfa um 90 starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu. Sjá nánar á [www.inpro.is](http://www.inpro.is)

**inPro**



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Orkuveita  
Reykjavíkur

## VERKEFNISSTJÓRI

Þátttakandi í mótun alþjóðlegs skóla á sviði orkuvísinda.

Við leitum að leiðtoga sem tekur frumkvæði og framkvæmir, hefur hæfni til að leiða ólík sjónarmið og starfa í alþjóðlegu umhverfi. Verkefnisstjóri skal sinna tengslum við markaðsaðila, samstarfsaðila, væntanlega nemendur og kennara og aðra hagsmunaaðila verkefnisins. Ráðningartími verkefnisstjóra er 2 ár.

### Helstu verkefni

- Ábyrgð á innleiðingu viðskiptaáætlunar
- Ábyrgð á daglegum rekstri skólans á innleiðingartíma
- Framkvæmd markaðs- og almannatengslaáætlunar
- Samningagerð
- Ábyrgð á samræmingu starfseminnar við samstarfsaðila
- Önnur verkefni sem verkefnisstjórn felur starfsmanni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leiðtogahæfni og sannfæringarkraftur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, áráðni og árangursdrifni
- Hæfni til að leiða saman ólík sjónarmið
- Samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Undirritað hefur verið samkomulag um að byggja upp sameiginlegt alþjóðlegt framhaldsnám í orkuvísindum á vegum Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Orkuveitu Reykjavíkur. Stefnt er að því að rannsóknatengt meistaranám hefjist haustið 2008. Aðaláhersla verður lögð á svið þar sem Íslendingar hafa samkeppnisforskot og námið vikkað út eftir því hvar það reynist standa styrkustum fótum. Sérstaða námsins á alþjóðlegum vettvangi skapast af mikilli sérþekkingu í nýtingu jarðhita hér á landi og greiðum aðgangi að vettvangsnámi. Samstarfsaðilarnir leggja hver sitt af mörkum til að skapa framsækið nám á sviði orkufræða.

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Dalvíkurbyggð er framsækið sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð. Þar er blómlegt og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf. Umhverfi er sérlega fjölskylduvænt og góðar aðstæður til útivistar jafnt sumar sem vetur. Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á [www.dalvik.is](http://www.dalvik.is)

## LAUNAFULLTRÚI

Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða launafulltrúa. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið

- Launavinnsla og frágangur launa
- Launaröðun og launagreiðslur skv. kjara- og ráðningarsamningum
- Upplýsingagjöf varðandi launavinnslu og kjaratengd mál
- Ýmis umsjón og utanumhald í tengslum við starfsmannakerfi og upplýsingar
- Úrvinnsla gagna
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda
- Vinnur að gerð launaáætlana
- Önnur verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Háskólamenntun kostur, s.s. á sviði viðskiptafræði
- Þekking og reynsla af launavinnslu og/eða bókhaldi æskileg
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Jónína Guðmundsdóttir ([jonina.gudmundsdottir@capacent.is](mailto:jonina.gudmundsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag og samkvæmt Starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar. Í samræmi við jafnréttisáætlun Dalvíkurbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

**SÍB**

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

## FJÁRMÁLAFULLTRÚI

SÍB, samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, óskar að ráða fjármálafulltrúa til starfa. Fjármálafulltrúi heyrir undir framkvæmdastjóra SÍB.

SÍB var stofnað 30. janúar 1935. Megináhersla samtakanna hefur frá upphafi verið á kjör og starfsumhverfi félagsmanna og hefur SÍB verið í framvarðarsveit íslenskra stéttarfélaga við að ná fram ýmsum réttindum fyrir félagsmenn sína. Þótt margt hafi áunnist í kjaramálum félagsmanna eru enn fjölmörg viðfangsefni framundan.

### Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með fjárhags- og launabókhaldi samtakanna og sjóða þess
- Stjórnun fjármála og greiðsla reikninga
- Umsjón og eftirfylgni innheimtu gjalda frá aðildarfélögum sem og skil á gjöldum til Tollstjóra og lífeyrissjóða
- Umsjón með útgreiðslu styrkja úr Styrktar- og Menntunarsjóði
- Svörun fyrirspurna félagsmanna
- Undirbúningur funda sem og innkaup og birgðahald
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er mikill kostur
- Mikil þekking á starfsemi stéttarfélaga og bótakerfi Tryggingastofnunar
- Reynsla af sambærilegu starfi eða verkefnum
- Þekking og kunnátta á Word og Excel nauðsynleg
- Mjög góð tök á íslenski og enski tungu

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Guðríður D. Hálfánardóttir ([guðridur.halfdanardottir@capacent.is](mailto:guðridur.halfdanardottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Leitað er að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að vera töluglögur. Hann þarf einnig að vera skipulagður í verkum sínum og áhugasamur um störf sín.



Stefna Lostætis vegna nýrrar deildar á Austurlandi fyrir mótuneytis- og veitingaþjónustu hjá Alcoa Fjarðaáli er eftirfarandi:

- Hvort sem tilefnið er hátíð eða hádegis...
- Framúrskarandi vinnuaðstaða með fullkomin tæki og aðbúnað.
  - Metnaðarfull matseld með háar gæðakröfur.
  - Hátt þjónustustig og vöruskil án frábrigða.
  - Góður vinnuandi og starfsánægja.
  - Góð laun fyrir kraftmikið og metnaðarfullt starfsfólk.

## VILTU GRÍPA SPENNANDI ATVINNUTÆKIFÆRI?

Á næstu vikum verður nýtt og glæsilegt mótuneyti Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði tilbúið til notkunar. Rekstraraðili hinnar nýju veitingaþjónustu verður Lostæti ehf. á Akureyri sem er framsækið fyrirtæki í stöðugri þróun og hefur rekið metnaðarfulla veislu- og veitingaþjónustu á Norðurlandi sl. tíu ár.

### Lostæti ehf. leitar að: Yfirmatreiðslumanni / rekstrarstjóra

#### Starfssvið

- Umsjón og ábyrgð með daglegum rekstri mótuneytisins
- Yfirumsjón mótuneytisins
- Innkaup
- Starfsmannahald

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í matreiðslu, meistaraáttindi æskileg
- Reynsla og þekking af umsjón og rekstri mótuneytis
- Stjórnunar- og leiðtogaþæfni
- Frumkvæði, metnaður og áráðni til að takast á við krefjandi og spennandi verkefni
- Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna undir álagi

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfunum á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Einnig er leitað að hæfum og framsæknum matreiðslumönnum, aðstoðarfólki við matseld og framreiðslu.

Lostæti ehf. mun í samstarfi við Alcoa Fjarðaál aðstoða nýja íbúa við að finna hentugt húsnæði og veita alla aðstoð þeim starfsmönnum sem hyggjast flytja austur á land. Starfsmönnum stendur til boða fríar ferðir alla daga milli helstu staða á Austurlandi.



# KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir mótuðum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SÍB

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

## FJÁRMÁLAFULLTRÚÍ

SÍB, samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, óskar að ráða fjármálafulltrúa til starfa. Fjármálafulltrúi heyrir undir framkvæmdastjóra SÍB.

SÍB var stofnað 30. janúar 1935. Megináhersla samtakanna hefur frá upphafi verið á kjör og starfsumhverfi félagsmanna og hefur SÍB verið í framvarðarsveit íslenskra stéttarfélaganna við að ná fram ýmsum réttindum fyrir félagsmenn sína. Þótt margt hafi áunnist í kjaramálum félagsmanna eru enn fjölmörg viðfangsefni framundan.

### Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með fjárhags- og launabókhalda samtakanna og sjóða þess
- Stjórnun fjármála og greiðsla reikninga
- Umsjón og eftirfylgni innheimtu gjalda frá aðildarfélögum sem og skil á gjöldum til Tollstjóra og lífeyrissjóða
- Umsjón með útgreiðslu styrkja úr Styrktar- og Menntunarsjóði
- Svörun fyrirspurna félagsmanna
- Undirbúningur funda sem og innkaup og birgðahald
- Önnur tilfallandi verkefni

Leitað er að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að vera töluglögur. Hann þarf einnig að vera skipulagður í verkum sínum og áhugasamur um störf sín.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er mikill kostur
- Mikil þekking á starfsemi stéttarfélaganna og bótakerfi Tryggingastofnunar
- Reynsla af sambærilegu starfi eða verkefnum
- Þekking og kunnátta á Word og Excel nauðsynleg
- Mjög góð tök á íslenski og enski tungu

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Guðríður D. Hálfðanardóttir ([guðridur.halfdanardottir@capacent.is](mailto:guðridur.halfdanardottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Framtíðartækifæri hjá Alcoa Fjarðaáli

### Upp á hvað hefur Alcoa Fjarðaál að bjóða sem framtíðarvinnustaður?

#### Áhugaverð störf í hvetjandi umhverfi

Störfin í álverinu eru fjölbreytt og örugg. Vinnustaðurinn er hannaður með það í huga að öll störf henti jafnt konum sem körlum. Unnið er í teymum og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda. Starfsumhverfið býður viðtæka þjálfun, meðal annars á ýmiss konar farartæki og tölvubúnað. Tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óviðá fleiri.

#### Góð laun og gott vinnufyrirkomulag

Byrjunarlaun framleiðslustarfsmanna eru frá 3.739.000 kr. á ári, miðað 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning, sem jafngildir 312.000 kr. á mánuði.

Byrjunarlaun iðnaðarmanns með réttindi eru frá 5.401.253 kr. á ári, miðað við 15 tólf tíma vaktir á mánuði og 15% árangursávinning. Það jafngildir 433.000 kr. á mánuði fyrir 40 stunda vinnuviku að meðaltali. Vaktafyrirkomulagið veitir góða möguleika á aukavöktum og viðbótar-tekjum fyrir þá sem óska þess.

#### Fríar ferðir, fæði og klæði

Fjarðaál býður upp á rútuferðir frá Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Egilsstöðum. Starfsmenn fá hollar og

góðar máltíðir í glæsilegu mótuneyti. Fyrirtækið útvegar og þvær allan vinnufatnað starfsmönnum að kostnaðarlausu.

#### Heilbrigði og velferð

Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni 12.000 kr. líkamsræktarstyrk árlega og leigir tvo tíma á viku fyrir starfsmenn í Fjarðabyggðarhöllinni. Iðjuþjálfari leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu og nuddari heim-sækir vinnustaðinn tvisvar í viku. Starfsmenn hafa greiðan aðgang að öflugri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til lækniþjónustu og ráðgjafar á ýmsum sviðum.

#### Kostnaðarlaus og auðveldur flutningur inn á svæðið

Þurfi starfsmaður að flytja inn á svæðið úr meira en 100 km fjarlægð frá vinnustaðnum greiðir Fjarðaál kostnað við kaup og sölu fasteigna, svo sem sölulaun, lántökugjald og stimpilgjöld. Fyrirtækið sér um að pakka búslóð, flytja hana og koma fyrir á nýju heimili. Með fyrsta launaseðli fær starfsmaður 200.000 kr. greiðslu til að koma sér fyrir á svæðinu. Fyrirtækið aðstoðar einnig nýja íbúa á svæðinu við að leigja húsnæði. Starfsmenn fá jafnframt tiltekinn fjölda flugmiða með Flugfélagi Íslands á mjög hagstæðum kjörum.

capacent  
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent ([sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is](mailto:sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) eða í síma 540-7117) eða skrá umsókn þína á [www.capacent.is](http://www.capacent.is) og haft verður samband við þig.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Deildastjórar

### Lausar eru eftirfarandi deildarstjórstöður:

Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720  
Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660  
Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855  
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350  
Hlíðarendi, Laugarásveg 77, sími 553-7911  
Kvarnaborg, Árvörð 4, sími 567-3199

Rauðaborg, Víðarási 9, sími 567-2185  
Seljaborg, Tunguseli 2, sími 557-6680

Allar upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum eða hjá Starfsmannþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Allar lausar stöður í leikskólum eru auglýstar á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is).

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá síma 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Rauði kross Íslands  
Reykjavíkurdeld

Kvennadeild Reykjavíkurdeldar Rauða kross Íslands  
auglýsir eftir tveimur starfsmönnum

Verslunarstjórar í sölubúð á LSH Hringbraut

Um er að ræða 60% starfshlutfall sem felst m.a. í:  
Innkaupum  
Mönnun búðarinnar  
Samskiptum við sjálfboðaliða

Nánari upplýsingar veitir Auður Þorgeirsdóttir í síma 545-0405 eða 545-0400.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila fyrir 14. júlí nk á skrifstofu Reykjavíkurdeldar Rauða kross Íslands, Laugavegi 120, 4. hæð eða með tölvupósti á netfangið [audur@redcross.is](mailto:audur@redcross.is)

# Microsoft® VILT ÞÚ VINNA HJÁ MICROSOFT?

## Telecommunication and Online Services Partner Account Manager

Um er að ræða nýja stöðu hjá Microsoft til að fylgja eftir vaxandi viðskiptum á sviði samskiptalausna, hýsingar og þjónustudrifinn hugbúnað. Starfið heyrir undir viðskiptaþróunarsviði Microsoft þar sem unnið er markvisst að nýjum vaxtataækifærum með nýstárlegum aðferðum. Við leitum að einstaklingi sem hefur þekkingu á rekstri fyrirtækja og þeim kröfum sem framsækin fyrirtæki gera til nýtingar upplýsingatækni.

### Starfssvið

- Sala á hugbúnaðarlausnum til fyrirtækja á sviði hýsingar og annara samskiptalausna
- Gerð viðskipta- og markaðsáætlana í samstarfi við fyrirtæki sérhæfð á sviði hýsingar og hugbúnaðarþjónustu (SaaS)
- Ráðgjöf við tæknilega þróun og hugbúnaðarþjónustu á Íslandi (SaaS)
- Eftirfylgni nýsölu og áskrifta samninga
- Náin vinna með lykil samstarfsaðilum Microsoft sem gerir kröfur um sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og ábyrgð
- Frumkvæði á sviði nýjunga og nýrra markaðstækifæra
- Samskipti við samsvarandi deildir innan Vestur Evrópu og höfuðstöðva Microsoft
- Samvinna með viðskiptaþróun og Ráðgjafarþjónustu Microsoft

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun er æskileg
- Framhaldsmenntun er kostur
- Gott hald á íslensku og ensku tungu
- Framsýni og hæfni til að vinna sjálfstætt og í hóp
- Metnaður í starfi, talnagleggni og frumkvæði
- Reynsla af starfsemi samskiptafyrirtækja kostur

## Partner Technology Specialist

### Starfssvið:

- Ábyrgð og umsjón með að kynna tækni Microsoft fyrir 500 stærstu fyrirtækjum á Íslandi
- Vinna með söluaðilum Microsoft í að auka veg lausna sem byggja á Microsoft tækni
- Ábyrgð og umsjón með fyrirlestrum og kynningum á Microsoft tækni fyrir ýmsa markhópa
- Samvinna með viðskiptastjórum og markaðsstjóra við að greina og meta markaðinn og vinna herferðir og kynningar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun skilyrði, menntun á sviði tölvunar- eða viðskiptafræði æskileg
- Framhaldsmenntun mikill kostur (M.Sc./MBA)
- Reynsla af verkefnum í upplýsingatæknimálum nauðsynleg
- Reynsla af tæknilegri sölu á sviði upplýsingatæknimála til viðskiptavina æskileg
- Mikill sannfæringakraftur og brennandi áhugi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og góð almenn tölvukunnátta
- Framsýni og hæfni til þess að vinna skipulega og sjálfstætt, sem og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni og metnaður í starfi, gæða- og árangursdrifni

## Partner Group Manager

Starfið felur í sér: ábyrgð og umsjón með sölu- og markaðsmálum helstu samstarfsaðila Microsoft til meðalstórra fyrirtækja (100-500 starfsmenn).

### Starfssvið:

- Gerð og eftirfylgni sölu- og markaðsáætlana auk markmiðasetningar
- Sölustýring – „Partner Pipeline & Opportunity Management“ og innri söluáætlanir
- Markaðsstýring – „Go To Market“ í samstarfi við markaðsstjóra og vörustjóra
- Þróun markaðstækifæra í samstarfi við helstu samstarfsaðila Microsoft
- Þróun samstarfsaðila Microsoft með það að markmiði að auka hæfni þeirra og getu til aukinnar markaðssóknar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun skilyrði
- Framhaldsmenntun kostur
- A.m.k. 5 ára reynsla af sambærilegum verkefnum eða störfum
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, auk góðrar tölvukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt, markmiðadrifni og ábyrgð á eigin frammistöðu
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfileiki til að stjórna fólki
- Framsýni, innsæi og metnaður í starfi
- Vilji til að ná stöðugt betri árangri

Microsoft á Íslandi er hluti af Microsoft Corporation. Hlutverk Microsoft á Íslandi felst fyrst og fremst í viðskiptatengslum við íslensk fyrirtæki og samstarfsaðila auk samræmingar við alþjóðastefnu Microsoft Corporation. Skrifstofa Microsoft Íslandi er að Engjateigi 7.

Mannauðsstefna Microsoft er að veita einstaklingum tækifæri til nýta faglega og persónulega hæfileika sína til fullnustu.

### Ef þú:

- Hefur metnað
- Hefur hæfileika
- Átt gott með að leiða margþætt og krefjandi verkefni
- Átt auðvelt með samskipti við fólk

### Þá býðst þér:

- Spennandi og krefjandi starf með mikla ábyrgð
- Alþjóðlegt starfsumhverfi
- Laun í samræmi við hæfileika, getu og reynslu

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Sigurður J. Eysteinnsson ([sigurdur.eysteinnsson@capacent.is](mailto:sigurdur.eysteinnsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## Fjármálastjóri

Traust innflutnings- og framleiðslufyrirtæki í Kópavogi vill ráða fjármálastjóra í fullt starf.

Leitað er að reynslumiklum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt.

Starfið felst í eftirfarandi:

- Yfirumsjón og færsla bókhalds
- Afstemmingar og vinnsla gagna fyrir endurskoðanda
- Gerð og útfærsla greiðsluáætlana og eftirlit með greiðslu reikninga
- Samskipti við lánadrottna og viðskiptamenn, bæði innanlands og erlendis
- Launavinnsla
- VSK uppgjör

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðtæk bókhaldsreynsla s.s. færsla bókhalds, afstemmingar, launavinnsla, vsk uppgjör og áætlanagerð
- Viðskiptamenntun er kostur
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Þekking á Axapta og H-Laun kostur

Umsóknir sendist á [halldor@landvelar.is](mailto:halldor@landvelar.is)



landvelar.is – 580 5800

LANDVÉLAR var stofnað 1967. Markmið fyrirtækisins við stofnun þess var að láta að sér kveða á markaði og í þjónustu fyrir landbúnað og iðnað almennt.

Í árána rás hefur markmiði fyrirtækisins vissulega verið náð, um leið og þjónusta og vöruúrval þess hefur vaxið og eflist í alla staði.

Í dag eru LANDVÉLAR handhafar og umboðsaðilar fyrir vörumerki, samningar Bosch Rexroth, Casappa, Sunn Hydraulics, Permabond, Legris, Pentair Water, Poclair Hydraulics og fjölda annara þekktra merkja innan vélbúnaðar geirans.



Flugfjarskipti ehf.

## NÁM Í FLUGFJARSKIPTUM

Flugfjarskipti ehf. hafa ákveðið að halda námskeið í flugfjarskiptum. Námskeiðið hefst í október 2007. Áætluð námslok með starfsþjálfun eru í apríl 2008. Þeim sem standast lokapróf verður boðið starf flugfjarskiptamanna við „Iceland Radio“. Starfsstöð verður í Reykjavík.

Námið er tvíþætt. Fyrri hlutinn sem er bóklegt og verklegt nám, fer fram í skóla Flugstoða ohf, en seinni hlutinn sem er starfsþjálfun, fer fram hjá Flugfjarskiptum ehf. Nemendur eru á launum á námsstímanum.

### Hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun, hafa góða enskukunnáttu, tala skýrt mál, auk þess að fullnægja tilskilyldum heilbrigðiskröfum.

Flugfjarskipti leita starfsmanna með góða samskiptahæfileika, lipra og þægilega framkomu, sem sýna frumkvæði í starfi og sem geta unnið undir álagi.

### Í boði er spennandi starf í öruggu og góðu starfsumhverfi.

Frekari upplýsingar um starfið gefur Reynir Eggertsson, deildarstjóri flugafgreiðslu í síma 563-6530 eða á [re@gannet.is](mailto:re@gannet.is)

Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um fyrri störf og reynslu, ásamt mynd og nýju sakarvottorði sendist Flugfjarskiptum ehf, Sóleyjaríma 6, 112 Reykjavík, fyrir 1. ágúst næstkomandi. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugfjarskipta [www.gannet.is](http://www.gannet.is)

Öllum umsóknum verður svarað.

Flugfjarskipti ehf er að fullu í eigu Flugstoða ohf. og sinnir tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 45 og starfsemi er á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfjarskipti ehf leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks. Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

### Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tókum forviðtöl og öflum umsagna.

### Markviss leit

Nýr hugbúnaður gerir leit mjög markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn til starfsins.

### Enginn auglýsingakostnaður

Við sjáum um að auglýsa starfið eins og þörf krefur án þess að til komi aukakostnaður.

### Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir eða er sagt upp störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

HH Ráðgjöf, Ráðningarþjónusta • Fiskislóð 81 • 107 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



# FJÖLBREYTT STÖRF Í BOÐI

N1 vill ráða starfsmann í hjólbarðavöruhús að Bíldshöfða í Reykjavík.

## LAGER OG ÚTKEYRSLA

### Helstu verkefni:

- Öll almenn lagerstörf á hjólbarðalager
- Útkeyrsla

### Hæfniskröfur:

- Almenn þekking á lagerstörfum og hjólbörðum
- Þjónustulipurð
- Stundvísi
- Ökuréttindi

N1 vill ráða starfsmann í vöruhús að Gelgjutanga í Reykjavík.

## VÖRUMÓTTAKA

### Helstu verkefni:

- Móttaka vöru
- Meðhöndlun endursendinga
- Önnur tilfallandi verkefni

### Æskilegir eiginleikar:

- Þekking á starfsemi vörolagers
- Almenn tölvuþekking
- Þjónustulipurð
- Samskiptafærni og stundvísi

Nánari upplýsingar veitir Lórenz Þorgeirsson rekstrarstjóri vöruhúsa, í síma **440 1250/660 3430** eða [lorenz@n1.is](mailto:lorenz@n1.is) Áhugasamir geta sótt um störfín á [www.n1.is](http://www.n1.is) fram til **10. júlí n.k.**

## Þjónustustöðvar



## Verslanir

## Fyrirtækjþjónusta



## Bílaþjónusta

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMI 440 1000  
WWW.N1.IS



## Leikskólakennarar, þroskaþjálfar og annað uppeldismenntað starfsfólk óskast í leikskólann Jörfa við Hæðargarð

### Lærum saman í leik

Jörfi er fimm deilda leikskóli í Bústaðarhverfi. Í faglegu starfi leikskólans er lögð áhersla á lífsleikni, tilfinningatjáningu og sterka sjálfsmynd. Síðastliðin þrjú ár hefur verið unnið að þróunarverkefni í leikskólanum þar sem þessar áherslur eru í brennidepli. Áhersla verður lögð á gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn í leikskólanum.

Vertu velkomin í heimsókn í Jörfa eða hafðu samband í síma 553-0347/693-9825.

» Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

[www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

EININGAVERKSMÍÐJAN

### Vantar smíði og sendil

Einingaverksmiðjuna ehf vantar smíði og sendil nú þegar Ört vaxandi fyrirtæki á góðum stað.

Tekið verður við umsóknum hjá Helgu í síma 587-7770 frá kl. 9-16 eða á email: [helga@ev.is](mailto:helga@ev.is)



### Mælingamaður

Vegna aukinna verkefna óskar Heimir og Þorgeir hf. eftir að ráða mælingamann. Upplýsingar veitir Geir Sæmundsson í síma 696-9936 og [geir@hogth.is](mailto:geir@hogth.is) eða Jón Þór Danielsson í síma 696-9943 og [jon@hogth.is](mailto:jon@hogth.is). Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins [www.hogth.is](http://www.hogth.is)

Heimir og Þorgeir er ört vaxandi félag sem býður góða aðstöðu fyrir starfsmenn.

**Heimir og Þorgeir hf.**  
Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 554-6464.



### Fjölbreytt skrifstofustörf

MS Reykjavík (Ostar og smjör), Bitruhálsi 2, óskar eftir að ráða í tvær lausar stöður. Um er að ræða almenn skrifstofustörf en helstu verkefni eru eftirfarandi:

- Móttaka og afgreiðsla pantana til viðskiptavina
- Móttaka og afgreiðsla viðskiptavina
- Útskrift ýmissa reikninga
- Upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Ýmis konar uppgjör
- Önnur tilfallandi verkefni

Leitað er að einstaklingum með góða tölvukunnáttu og er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, góða framkomu og þjónustulund.

Starfshlutfall er 100% í báðum þessum stöðum og er æskilegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Magnússon í síma 569-2257.

Umsóknarfrestur er til 16 júlí nk. og skulu umsóknir berast til starfsmannastjóra MS, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið [starfsmannasvid@ms.is](mailto:starfsmannasvid@ms.is)



### Fosshótel Reykholt auglýsir spennandi atvinnutækifæri:

#### Gestamóttaka

**Hæfniskröfur:**  
Reynsla af svipuðu starfi æskileg  
Samskiptahæfileikar íslensku og ensku  
Þjónustulund og gestrisni  
Tölvu-, bóka- og skipulagsfræmi  
Vingjarnleiki  
20 ára lágmarksaldur

#### Yfirmatreiðslumaður

**Hæfniskröfur:**  
Hæfni til að elda bragðgóðan mat  
Skipulags- og samskiptahæfileikar  
Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi  
Reynsla af innkaupum æskileg  
Vingjarnleiki

Fosshótel Reykholt er menningartengt ferðamannahótel sem byggir á þrjú þætti þema: norrænni goðafræði, íslenskum bókmenntum og klassískri tónlist. Hótelid var nýlega endurupplifað eftir víðtækar breytingar á húsnæðinu. Einnig er starfrækt heilsulind á Fosshótel Reykholti þar sem boðið er upp á margvísleg meðferðarherbergi og heitar laugar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á [www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is) Nánari upplýsingar veitir Vladimir Brezovski, hóteltjóri, í síma 435-1260, eða í gegnum tölvupóstfangið [vladimir@fosshotel.is](mailto:vladimir@fosshotel.is)

## Spennandi störf í boði...

### Þjónusta og forritun fyrir TrackWell Tímon

**Starfssvið**  
Þjónusta og forritun fyrir viðskiptavinum Tímon, tíma- og verkskráningarkerfisins, ásamt daglegum samskiptum við viðskiptavinum TrackWell og ábyrgð á afhendingu lausna.

**Hæfniskröfur**  
Umsækjandi þarf að hafa reynslu og menntun á sviði kerfis- eða tölvunarfræði. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og hafa ríka þjónustulund. Kostur er að viðkomandi hafi unnið við viðskiptalausnir eða mannaútsjórnun.

### Kerfisstjórn og þjónusta

**Starfssvið**  
Rekstur og þjónusta við Windows og Linux rekstarkerfi; innkaup, umsjón og uppsetningar á vélbúnaði auk samskipti við birgja. Þjónusta og uppsetning á sérhæfðum tækjum fyrir viðskiptavinum TrackWell.

**Hæfniskröfur**  
Umsækjandi þarf að hafa góða reynslu á sviði rekstrar og umsjón vélbúnaðar. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og hafa ríka þjónustulund. Æskilegt er að viðkomandi hafi vottun á borð við MCSA.

### Sérfræðingur í hugbúnaðarþróun

**Starfssvið**  
Þróun á hugbúnaðarlausnum. Aðstoð við þarfagreiningu fyrir viðskiptavinum TrackWell og ábyrgð á afhendingu lausna.

**Hæfniskröfur**  
Umsækjandi þarf að hafa menntun á sviði tölvunar- eða kerfisfræði. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á uppbyggingu vefþjónustu í Java J2EE eða .NET. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á Linux eða Unix stýrikerfum, C/C++ og einu eða fleiri skriftarmálum.

Allir umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði og verða að geta unnið sjálfstætt, agað og eiga auðvelt með samskipti við aðra. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að vinna í tæknilega krefjandi umhverfi og læra nýja hluti.

Nánari upplýsingar má fá hjá framkvæmdastjóra hugbúnaðarsviðs, Sigurði E. Guttormssyni. Tekið er á móti ferilsskrárm á [job@trackwell.com](mailto:job@trackwell.com) eða á skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu berast fyrir 16. júlí.

Laugavegur 178 · 105 Reykjavík · sími.:+354 510 0600 · fax:+354 510 0601 · [job@trackwell.com](mailto:job@trackwell.com) · [www.trackwell.com](http://www.trackwell.com)





## Matselja óskast í Söluskála KHB á Egilstöðum.

Vinnutími frá 8-16, virka daga.

### Starfið felst í:

- að matreiða staðgöðan heimilismat í hádeginu, alla virka daga.
- að hafa umsjón með smurbrauði og kökum.
- að taka þátt í innkaupum á matvörum fyrir staðinn.

Áhugasamir leitið ykkur upplýsinga um laun og aðstæður og hafið samband við Guðrúnu í síma 470-1230 eða 861-7756.

### Grunnskólinn á Hellu auglýsir!



## Kennarar

Okkur vantar áhugasama kennara til starfa á næsta skólaári.

### Meðal kennslugreina:

Kennsla yngri barna, kennsla á miðstigi, tónmennt, smíðar og íþróttir,

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans <http://hella.ismennt.is/>

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða og fáið upplýsingar um kjör og aðstöðu.

Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri í síma 487 5441 /894 8422  
Steinar Tómasson aðstoðarskólastjóri í síma 487 5442 /845 5893

## SUMARSTARF

Nýtt Líf vikan HÚS OG HEBYL MANNLÍF GOLF BLAÐIÐ  
Gestgjafinn SÉÐ OG HEYRT SAGAN ÖLL ÍSAFOLD

Birtingur útgáfufélag leitar að duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldslu í sumar með möguleika á áframhaldandi starfi í haust.

### Starfslýsing:

Vinnutíminn er frá 18.00 til 22.00 og starfsmenn vinna að meðaltali 2-4 kvöld í viku. Góð árangurstengd laun og launatrygging í boði. Þjóðum upp á leiðbeiningar og aðstoð í öllum verkefnum.

Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld Hermóðsdóttur, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti [ingahuld@birtingur.is](mailto:ingahuld@birtingur.is) - [www.birtingur.is](http://www.birtingur.is)

BIRTINGUR  
ÚTGÁFUFEÐLAG

## Hússtjórn

Fallegt einkaheimili í austurborginni óskar eftir jákvæðri og ábyrgri manneskju til að sjá um hússtjórn.

### Starfssvið

- Tiltekt og þrif
- Umsjón með þvotti
- Innkaup
- Undirbúningur kvöldverðar
- Önnur tilfallandi heimilisstörf

Góð laun eru í boði auk þess sem viðkomandi fær fallegt húsnæði til eigin nota.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 17. júlí nk.

Upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir.  
Netfang: [inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)

HAGVANGUR  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Reykjavíkurborg



## Bókari hjá Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Starf bókara á skrifstofu Borgarbókhalds, Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, er auglýst laust til umsóknar.

Leitað er eftir metnaðarfullum og samvirkusömum einstaklingi sem er opin fyrir tækifærum og reiðubúinn til að sýna frumkvæði í störfum og samskiptum.

### Ábyrgðarsvið

"Skráning bókhalds  
"Ráðgjöf við bóknarstaði hjá Reykjavíkurborg

### Helstu verkefni

"Móttökuskráning og lyklu  
"Bókun millifærslna og yfirferð  
"Ráðgjöf til bóknarstaða við bókanir  
"Upplýsingagjöf til innri og ytri viðskiptavina  
"Önnur tilfallandi störf

### Menntunar og hæfniskröfur

"Viðeigandi menntun.  
"Nákvæmni og sjálfstæði í starfi

### "Góð tölvukunnátta

"Færni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til 22. júlí 2007.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri ([sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is](mailto:sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is)) í síma 411-3701 eða Gísli H. Guðmundsson, borgarbókari í síma 411-3706. Umsóknir skulu sendar rafrænt til deildarstjóra á netfangið [sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is](mailto:sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is) og verður móttaka umsókna staðfest.

Leiðarljós Fjármálaskrifstofu er að þróa og innleiða hjá Reykjavíkurborg nýjustu og bestu vinnubrögð í stjórnun fjármála, reikningshaldi og fjárhagsáætlunargerð og veita viðskiptavinum Fjármálaskrifstofu, þ.e. sviðum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, borgarfulltrúum og borgarbúum, ávallt eins góða þjónustu og kostur er, með hagkvæmum hætti. Um 50 starfsmenn starfa hjá Fjármálaskrifstofu.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Reykjavíkurborg



## Sérfræðingur hjá Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Borgarbókhald óskar eftir að ráða viðskiptafræðing/hagfræðing til starfa við reikningsskilagerð og reikningshald. Um er að ræða spennandi starf þar sem viðkomandi starfsmaður mun taka þátt í þróun og innleiðingu á verkferlum við uppgjör og bókhald.

### Starfssvið:

- Reikningsskil Reykjavíkurborgar
- Skýrslugerð
- Greining og eftirlit
- Ráðgjöf og þjónusta við svið og fyrirtæki borgarinnar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða hagfræði, eða sambærilega menntun
- Þekking og reynsla af reikningshaldi og uppgjörsvinnu er kostur.
- Skipulagshæfni og frumkvæði.
- Færni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri.
- Tölvuþekking og kunnátta til að nýta upplýsingakerfi sem stjórnartæki.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 22. júlí 2007. Umsóknir og ferilskrár óskast sendar rafrænt á netfangið [sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is](mailto:sigridur.bjork.gunnarsdottir@reykjavik.is) og mun móttaka umsókna verða staðfest.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gísli H. Guðmundsson, borgarbókari í síma 411-3706 og Sigríður Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri í síma 411-3701.

Leiðarljós Fjármálaskrifstofu er að þróa og innleiða hjá Reykjavíkurborg nýjustu og bestu vinnubrögð í stjórnun fjármála, reikningshaldi og fjárhagsáætlunargerð og veita viðskiptavinum Fjármálaskrifstofu, þ.e. sviðum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, borgarfulltrúum og borgarbúum, ávallt eins góða þjónustu og kostur er, með hagkvæmum hætti. Um 50 starfsmenn starfa hjá Fjármálaskrifstofu.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Verkstjóri

### Stafnás ehf.

Stafnás ehf. er ungt bygginga- og verkfræðifyrirtæki, stofnað 2003. Um þessar mundir er fyrirtækið að byggja 10.500 m<sup>2</sup> fjölbýlishús og 8.000 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði, ásamt því að sinna verkefnum í Kaupmannahöfn. Fyrirtækið er jafnframt að hefja nýtt uppsteypunarverkefni á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Um 100 starfsmenn starfa nú hjá fyrirtækinu. Stafnás ehf. leggur metnað sinn í fagleg vinnubrögð, gott starfsumhverfi og góðan aðbúnað á vinnustað.

Vegna aukinna umsvifa og góðrar verkefnastöðu á Íslandi og í Danmörku óskar Stafnás ehf. eftir að ráða verkstjóra til starfa.

### Starfssvið

- Undirbúningur og skipulagning framkvæmda á byggingasvæðum
- Stjórnun verklegra framkvæmda og framkvæmdaeftirlit

### Menntun og hæfniskröfur

- Iðnmenntun er skilyrði
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda
- Enskukunnátta er nauðsynleg
- Sérmenntun á sviði byggingaframkvæmda er kostur

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 17. júlí nk.

Númer starfs er 6840.

Upplýsingar veitir Inga Steinunn Arnardóttir.  
Netfang: [inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)

HAGVANGUR  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)





**PÓSTURINN**  
allur pakkinn

## Framtíðarstörf - móttaka og afgreiðsla

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem getur hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 580-1263.

Umsóknum skal skilað til:  
Íslandspóstur hf.  
Stórhöfða 29  
110 Reykjavík  
Merkt: Afgreiðslustarf.

Umsóknum er einnig hægt að skila á [www.postur.is](http://www.postur.is)

**VILTU VINNA  
MED BÖRNUM  
Í SKEMMTILEGU  
STARFSUMHVERFI?**

**FRÍSTUNДАРÁÐGJAFAR/  
LEIÐBEINENDUR Á  
FRÍSTUNDAHEIMILUM**

- ÍTR leggur áherslu á jafnrétti og starfsmannastefnu.
- Til starfa óskast fólk í hlutastörf sem hefur náð 20 ára aldri og getur tekið að sér skapandi starf með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:
  - ➔ **List- og verkgreinum**, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði, textíl.
  - ➔ **Íþróttum og leikjum**
  - ➔ **Útivist og umhverfismennt**
  - ➔ **Barnalýðræði og lífsleikni** (hópastarf, barnafundir, vinátta og samvera)
- Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþróttar og tómstunda og eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavinum sína.
- ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar.
- ÍTR leggur áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk.

**STUÐNINGSFULLTRÚAR  
á frístundaheimili Reykjavíkurborgar**

Frístundamiðstöðvar ÍTR óska eftir að ráða stuðningsfulltrúa á frístundaheimilin í Reykjavík fyrir næsta skólaár. Um er að ræða 30-50% stöður eftir hádegi virka daga. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**

- Uppeldismenntun eða önnur sambærileg menntun en einnig kemur til greina áhugasamt fólk með reynslu.
- Áhugi á frítímauppeldi/frístundastarfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Í sumum tilfellum er krafist af stuðningsfulltrúa að hann kunnir tákna, tákna með tali eða hafa reynslu af vinnu með einhverfum.

Hægt er að sækja um og fá frekari upplýsingar á heimasíðu ÍTR, [www.itr.is](http://www.itr.is) og hjá frístundamiðstöðvum í hverfum borgarinnar.

Laun eru skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar.

Frístundaheimili ÍTR bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir 6-9 ára börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf. Frístundaheimili eru starfrækt við alla grunn-skóla Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþróttar og tómstunda og eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar.

**ÍTR**

Íþróttar- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarháls 1  
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | [www.itr.is](http://www.itr.is) | [itr@itr.is](mailto:itr@itr.is)

# KÍKTU Á CAPACENT.IS

**capacent**  
RÁÐNINGAR

## Organisti Akureyrarkirkju

Starf organista við Akureyrarkirkju er laust til umsóknar. Organisti starfar með aðal-organista kirkjunnar og felur starfið m. a. í sér stjórn barnakóra kirkjunnar og hljóðfæraleik við helgihald á vegum safnaðarins.

Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið Kantors prófi frá Tónskóla þjóðkirkjunnar eða sambærilegu námi.

Umsóknir sendist til Sóknarnefndar Akureyrarkirkju, pósthólf 442, 602 Akureyri og er umsóknarfrestur til 31. júlí 2007.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Eyþór Ingi Jónsson organisti kirkjunnar í síma 866-3393 eða netfang [eythor@akirkja.is](mailto:eythor@akirkja.is).

Staðan veitist frá 1. sept. 2007.

**Sóknarnefnd Akureyrarkirkju**

## HÁRSNYRTAR OG NUDDARAR

Langar þig að vinna á íslenskri hár- og snyrtistofu í miðbæ Kaupmannahafnar?

Spennandi möguleikar fyrir réttan aðila.

Hafðu samband í síma 0045 3369 0989  
á milli kl. 8 - 16 og eftir kl. 16 í  
0045 2690 9757

[www.zenzo.dk](http://www.zenzo.dk)

## ORKUVEITA HÚSAVÍKUR

### Vélfræðingur

**Orkuveita Húsavíkur óskar eftir vélfræðingi til starfa**

Starfið felst m.a í umsjón með Orkustöð sem byggir á Kalina tækni og er eina stöðin í heiminum sem nýtir þessa tækni til raforkuframleiðslu. Orkuveita Húsavíkur hefur þróað þessa tækni á undanföllum árum og mun nýr vélfræðingur tengjast því verkefni, ásamt fjölmörgum öðrum krefjandi verkefnum hjá fyrirtækinu.

Viðkomandi aðili þarf að sinna bakvöktum. Starfið krefst góðrar kunnáttu á tölvur og færni í erlendum samskiptum.

Upplýsingar um Orkuveitu Húsavíkur eru á "[oh.is](http://oh.is)"

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Orkuveitu Húsavíkur í síma 464 0900.

**Vinsamlega sendið skriflegar umsóknir fyrir 20 júlí merktar:**  
Orkuveita Húsavíkur  
Ketilsbraut 9, 640 Húsavík





## Lagnamenn

Heimir og Þorgeir hf óska eftir að ráða starfsmenn í rörlagnir. Greitt samkvæmt mælingu. Góðir tekjumöguleikar fyrir samhenta og kraftmikla menn. Upplýsingar gefur Guðmundur Sigurðsson í síma 696-9945 og [gudmundur@hogth.is](mailto:gudmundur@hogth.is)

**Heimir og Þorgeir hf.**  
Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 554-6464.

## LEIKSKÓLAKENningarAR OG LEIÐBEINENDUR



- Hefur þú áhuga á að vinna eftir Hjallastefnunni?
- Hefur þú áhuga á að vinna á litlum leikskóla þar sem hver starfsmaður fær að njóta sín?
- Hefur þú áhuga á að vinna á deild með fáum börnum?
- Hefur þú áhuga á að vinna á leikskóla þar sem stöðugt er verið að þróa barnastarfið og þín skoðun skiptir máli?

### Við óskum eftir leikskólakennara.

Á Ósi eru einungis 26 börn og átta starfsmenn og er mikil áhersla lögð á góðan anda og uppbyggilegt starf.

**Nánari upplýsingar veitir María leikskólastjóri í síma 663 7239**

Ef ekki fæst faglærður starfsmaður verður ófaglærður starfsmaður ráðinn.



Barnaheimilið Ós • Bergþórugötu 20 • 101 Reykjavík • sími 552 3277 • [os1@simnet.is](mailto:os1@simnet.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

**Leikskólakennarar!**  
**Kynnið ykkur nýjar samþykktir**  
**Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í**  
**kjarasamningum Félags leikskólakennara**  
**og Launanefndar sveitarfélaga.**

#### Arnarsmári: 564 5380

- Leikskólakennarar

#### Álfatún: 564 6266

- Leikskólakennarar (í haust)

#### Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 1600

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar
- Matráður

#### Dalur: 554 5740

- Aðstoð í eldhúsi
- Leikskólakennari
- Deildarstjóri y.d.100%
- Leikskólasérkennari/proskapjálfi

#### Efstihjalli: 554 6150

- Leiksk.sérk/leikskólak/proskapj.

#### Fífusalir: 570 4200

- Sérkennari/proskapjálfi
- Leikskólakennarar
- Deildarstjóri
- Dagræsting

#### Grænatún: 554 6580

- Aðstoð í eldhús 80%

#### Kópahvoll: 554 0120

- Leikskólakennari 100%

#### Kópasteinn: 564 1565

- Sérkennslustjóri 50% 1. ágúst
- Stuðningsaðili á deild, sem fyrst
- Leikskk. 50% eftir hádegi á eldri deild
- Leikskk. 100% á yngri deild

#### Marbakk: 564 1112

- Leikskólakennarar (í haust)

#### Núpur: 554 7020

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

#### Rjúpnahæð: 570 4240

- Matráður 100%, sem fyrst
- Deildarstjóri á yngri deild
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla (í haust)
- Dagræsting 50%, sem fyrst

#### Smárahvammur: 564 4300

- Leikskólakennarar
- Sérkennsla – starfsmaður í stuðning

#### Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789

- Leikskólakennarar

**Nánari upplýsingar á:**  
**[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)**  
**og [www.job.is](http://www.job.is)**

## SÖLUSTARF Í TEKK-COMPANY

Húsgagna og gjafavöruslunin TEKK COMPANY óskar eftir traustum og áreiðanlegum starfsmanni til sölustarfa. Viðkomandi þarf vera stundvís og skipulagður, hafa frábæra þjónustulund og áhuga á öllu sem viðkemur húsbúnaði.

Tekk Company er reyklus vinnustaður.

Við biðjum alla áhugasama um að senda umsóknir á skrifstofu **Tekk-Company, Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogi** eða á [tekk@tekk.is](mailto:tekk@tekk.is), merkt: „Sölustarf“.

TEKK COMPANY ER HÚSGAGNA- OG GJAFAVÖRUSLUN MEÐ HEIMSPÉKKT VÖRUMERKI FRÁ ÖLLUM HEIMSHÖRNUM. OKKAR AÐALSMERKI ER EINSTAKLEGA FALLEGT VÖRUÚRVAL OG FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA.

**TEKK**  
COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | [TEKK@TEKK.IS](mailto:TEKK@TEKK.IS)



**Að vinna við uppeldi barna eru forréttindi.**  
**Að sjá þau vaxa og þroskast er ævintýri!**

## Yfirmaður í eldhús

óskast í leikskólann Hamraborg 24.

**Allur matur á að fara, upp í munn og ofan í maga ...**

Hamraborg er fjögurra deilda leikskóli í Hlíðunum. Í leikskólanum eru 85 börn og 20 starfsmenn. Lögð er áhersla á hollan og heimilislegan mat.

Vertu velkomin í heimsókn í Hamraborg eða hafðu samband við Bryndísi leikskólustjóra í síma 553-6905.

» Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

[www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)



Luxor er tækjaleiga og söludeild Saga film, stærsta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsframleiðslu, kvikmyndaframleiðslu og atburðastjórnunar. Hjú Luxor starfa nú um 12 manns auk þess sem verktakar taka þátt í stærri verkefnum á borð við XFactor.

### Lagerstjóri

Óskum eftir að ráða lagerstjóra til starfa í fullt starf sem fyrst í tækjaleigu fyrirtækisins. Starfið felst í því að skrá tæki út og inn, sinna lagerhaldi og öðru sem til fellur. Starfsmaðurinn þarf að vera skipulagður, röskur og nákvæmur. Boðið er upp á góða vinnuástöðu, fjölbreytt og skemmtilegt starfsumhverfi og góð laun.

### Tæknimaður

Óskum einnig eftir ráða tæknimann. Starfið felst í því að vinna í verkefnum fyrirtækisins við ljósa- og vídeóvinnu, sviðsvinnu og öðru sem til fellur. Starfsmaðurinn þarf að vera röskur, samviskusamur og þarf að geta unnið sjálfstætt. Vinnutími er óreglulegur. Starfið er mjög fjölbreytt, krefjandi og skapandi. Reynsla af þessari vinnu kostur en ekki nauðsynleg. Boðið er upp á góða vinnuástöðu, fjölbreytt og skemmtilegt starfsumhverfi og góð laun.

Áhugasamir sendi umsókn til Péturs Óla Gíslasonar á [petur@luxor.is](mailto:petur@luxor.is)



## Öryggisfulltrúi

JÁVERK óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf öryggisfulltrúa. Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á þróun og mótun öryggisstefnu fyrirtækisins og hefur yfirsýn og eftirlit með þessum málaflokki.

#### Helstu verkefni:

Mótun öryggisstefnu í samráði við aðra stjórnendur  
Gerð öryggisáætlana fyrir einstaka byggingavinnustaði  
Eftirlit með að farið sé eftir öryggisáætlunum.  
Fræðsla og forverndarstarf í öryggis og vinnuverndarmál  
Samskipti við aðila á sviði öryggismála

#### Hæfniskröfur:

Reynsla af verklegum framkvæmdum er nauðsynleg  
Reynsla af vinnu við öryggismál er æskileg  
Góð almenn tölvukunnátta  
Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði  
Enskukunnátta er kostur  
Frumkvæði, áráðni og metnaður til að ná árangri í starfi.  
Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir skulu sendast á netfangið [gylfi@javerk.is](mailto:gylfi@javerk.is) fyrir 9. júlí næstkomandi. Allar nánari upplýsingar um starfið veita Gylfi í síma 860 1707 og Guðmundur í síma 860 1730. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK ehf. er 15 ára öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru liðlega 100 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Fyrirtækið er með starfsstöðvar og verkefni bæði á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu og er m.a. að byggja hæsta hús landsins.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er góður og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.

LUXOR



Reykjavíkurborg

Leikskólasvið

## Leikskólinn Sóhlíð

### Leikskólinn Sóhlíð, Engihlíð 8, óskar eftir deildarstjóra, leikskólakennurum og öðru uppeldismenntuðu starfsfólki

Sóhlíð er í gömlu vinalugu húsi í Hlíðunum. Þar er unnið öflugt starf sem er í stöðugri þróun, framundan er m.a. Comeniusarverkefni þar sem unnið verður að sagnarhefð og menningu landana sem taka þátt.

Vertu velkomin í heimsókn í Sóhlíð eða hafðu samband við Elísabetu, leikskólastjóra í síma 551-4870.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjú símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Frístundaklúbbar fyrir börn og unglinga með fötlun á aldrinum 10–16 ára

### Nýtt og spennandi verkefni

Í haust hefur ÍTR starfsemi þriggja frístundaklúbba í borginni fyrir börn og unglinga með fötlun á aldrinum 10–16 ára. Klúbbarnir verða á þremur stöðum í Reykjavík og verða opin frá skólalokum til kl. 17.15 alla virka daga. Meginmarkmið með starfinu er að gefa kost á fjölbreyttum og spennandi frístundum þar sem uppeldisgildi eru höfð að leiðarljósi. Stefnt er að því að tengja þetta frístundastarf því sem þessum aldurshópi stendur til boða nú þegar. Umsjónarmenn óskast í frístundaklúbbana í Grafarvogi, Breiðholti og í miðborg Reykjavíkur.

Við leitum að skipulögðu, röggömu, hugmyndaríku, skapandi og skemmtilegu fólki sem er áhugasamt um faglegt starf á vettvangi frítímans.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf um miðjan ágúst 2007.

#### Ábyrgðarsvið umsjónarmanns:

- Umsjón með frístundaklúbbnum, ásamt öðrum verkefnum tengdum tómstundastarfi í hverfinu.

#### Menntunar og/eða hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun.
- Stjórnunarreynsla og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Færni í að skapa liðsheild í starfsmannahópi.
- Góð reynsla af starfi með börnum og unglingum.
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Almenn tölvukunnátta.

Umsóknarfrestur er til **23. júlí**. Umsóknum skal skilað til skrifstofu ÍTR, Bæjarhálsi 1, merkt: Umsjónarmannastarf, Frístundaklúbbar.

Nánari upplýsingar veitir Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá ÍTR í [steingerdur.kristjansdottir@reykjavik.is](mailto:steingerdur.kristjansdottir@reykjavik.is) eða á Skrifstofu tómstundamála, síma 411-5000.

Laun eru skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við Reykjavíkurborg.



Gagnheiði 28  
IS-800 Selfoss  
Íceland  
Sími +354 480 1700  
Fax +354 480 1701  
[www.javerk.is](http://www.javerk.is)





Snyrtifræðingur óskast á snyrti- og heilsustúdíó í Kópavogi  
Spennandi nýjungar, gott andrúmsloft, sveigjanlegur vinnutími.

Umsóknir sendist á helga@fyrirogeftir.is



FOSSRAF ehf. Selfossi

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og vera vanur viðhaldsvinnu og nýlögnum. Um framtíðarstarf er að ræða. Nánari upplýsingar veittar í síma 4803700.

## AÐSTOÐ Á TANNLÆKNASTOFU

Tannlæknastofa óskar eftir aðstoðarmanni í fullt starf. Æskilegt er að umsækjandi hafi starfsmenntun, tölvukunnáttu, geti starfað sjálfstætt og geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí og sendist á box@frett.is, merkt „Tannlæknastofa-103“

## PRÓFARKALESARI

Nýtt Líf

VÍKAN

GOLF  
BLAÐIÐ

Gestgjafinn

HÚS  
OG HÍBYLI

MANNLÍF

SÉÐ OG HEYRT

SAGAN ÖLL

ÍSAFOLD

Birtingur útgáfufélag óskar eftir að ráða prófarkalesara. Viðkomandi þarf að hafa mjög góða íslenskukunnáttu, nákvæmur og skipulagður í vinnubrögðum.

Gerð er krafa um BA-próf í íslensku og/eða reynslu af prófarkalestri. Um dagvinnu er að ræða í 100% starfshlutfalli.

Nánari upplýsingar veitir Inga Huld Hermóðsdóttir í síma 515 5000 eða í tölvupósti [ingahuld@birtingur.is](mailto:ingahuld@birtingur.is).

Birtingur útgáfufélag er umfangsmesta tímaritaútgáfa landsins. Fyrirtækið gefur nú út 9 tímarit, en þau eru Nýtt Líf, Gestgjafinn, Mannlíf, Hús og híbyli, Séð og Heyrt, Víkan, Ísafold, Sagan öll og GOLFblaðið. Tímaritin eru öll í fremstu röð og njóta mikilla vinsælda íslenskra lesenda.

Öll starfsemi Birtings útgáfufélags fer fram að Lynghálslí 5 í Reykjavík.

BIRTINGUR  
ÚTGÁFUFEHLAG

# ÍSTAK



## TRÉSMIÐIR

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmiði til starfa.

Um er að ræða framkvæmdir í Reykjavík og nágrenni.

Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.

Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

Næg vinna í boði.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.

Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar [www.istak.is](http://www.istak.is).

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

# Max1 vantar duglegt fólk

til starfa á hraðþjónustustöðvum Max1 í Reykjavík

Þetta gera bílaumsjónarmenn okkar á Max1:

**Smur-  
þjónusta**  
Skipta um oliu og síur.

**Hjólbarða-  
þjónusta**  
Bjóða vandaða hjólbarða frá Pirelli, Nokian og Nexen.

**Dempara-  
þjónusta**  
Endurnýja dempara og gorma í flestum gerðum bifreiða.

**Rafgeyma-  
þjónusta**  
Skipta um rafgeyma.

**Bremsu-  
þjónusta**  
Endurnýja bremsuklossa og diska í flestum gerðum bifreiða.

**Önnur  
þjónusta**  
Skipta um þurrkublið, perur og setja rúðuvökva á bílinn.

**Hæfniskröfur**

- Aldurstakmark: 20 ára.
- Gilt bílpróf skilyrði.
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg, þó ekki skilyrði.

**Vinnutími**

Er frá 8:00-18:00 alla virka daga. Unnið er annan eða þriðja hvern laugardag frá 9:00-13:00 nema í júní, júlí og ágúst.

**Sækja um starfið:**

Skoðaðu [www.max1.is](http://www.max1.is) og sæktu um starfið.

Frekari upplýsingar veitir starfsmannasvið

Brimborgar í síma: 515-7088.

Umsóknarfrestur er til

16. júlí 2007.

Hringdu eða komdu. Strax

**MAX1**  
BÍLAVAKTIN

NOKIAN  
DEKK

PIRELLI

NEXEN

Max1 Bilavaktin - Reykjavík, Bildshöfða 8, Bildshöfða 5a og Knarrarvogi 2

Auglýsingadeild 365 miðla leitar að sölu- og markaðsfulltrúa til að selja auglýsingar í Fréttablaðið. Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, metnað og góða þjónustulund. Þeir þurfa að vera skipulagðir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og geta unnið undir álagi. Árangurstengd laun eru í boði.

Auglýsingadeild 365 miðla er ein öflugasta og framsæknasta söludeild landsins og hefur á að skipa hæfileikaríku starfsfólki. Vilt þú komast í þann hóp?

Umsóknum skal skila á [365midlar.is](http://365midlar.is) undir „starfsmenn - störf hjá 365“. Umsóknarfrestur er til 13. júlí n.k.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

## SÖLU- OG MARKAÐSFULLTRÚI



## Sölumaður

**BM Vallá** auglýsir eftir sölumanni í múrvöruverslun fyrirtækisins á Breiðhöfða.

Leitað er að einstaklingi, gjarnan múrara, sem hefur reynslu af múrverki og þekkingu á þeim vörum og áhöldum sem notuð eru.

Frekari upplýsingar um starfið gefur Gunnar Þór Ólafsson í síma 412 5052.

bmvala.is

BM Vallá hf er traust og þjónustudrifið sölu- og framleiðslufyrirtæki á byggingamarkaðnum sem leggur áherslu á að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna á sem hagkvæmasta hátt. Fyrirtækið er með starfsemi sína á 11 starfsstöðvum víða um landið.



ADALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík



BM-VALLÁ



Launafólk er misjafnlega vel að sér um réttindi til orlofs og áherslur stéttarfélaganna í orlofsmálum eru ekki allar þær sömu.

## Sumarleyfi starfsmanna

*Ekki er allt launafólk meðvitað um réttindi sín til sumarleyfis og réttindi þessi geta verið mismunandi eftir stéttarfélagum. Því gæti það verið þjóðráð fyrir marga launþega að slá á þráðinn til síns stéttarfélags og kanna stöðuna.*

„Samkvæmt kjarasamningi ávinnur launþegi sér tvo virka daga í orlofi fyrir hvern unninn mánuð á orlofsárinu, en það stendur frá 1. maí til 30. apríl og grunnorlofið verður því tuttugu og fjórir dagar á ári,“ segir Elías Magnússon, forstöðumaður kjarasviðs VR. „Tökum sem dæmi að starfsmaður hefji störf hjá nýju fyrirtæki 1. janúar og vinni fram til 1. maí. Þá er hann búinn með orlofsárið og á rétt á að fá átta daga á launum í orlofi, sem sagt, tveir dagar í hverjum mánuði frá janúar og út apríl gera átta daga í frí.“

Eftir því sem starfsmaður

er lengur á sama vinnustað lengist yfirleitt orlof hans. Fyrstu fimm árin ávinnast tveir orlofsdagar fyrir hvern mánuð, en á sjötta ári bætist einn dagur við dagana tuttugu og fjóra, og þannig verða dagar orlofsársins tuttugu og fimm og eftir tíu ár, tuttugu og átta.

„Svona er þessu hátt að hjá VR en réttarstaða er hins vegar mismunandi hjá stéttarfélagunum. Ríkið býður til dæmis starfsmönnum sínum lengra orlof eftir því sem þeir eru eldri og þar er jafnvel hægt að ávinna sér rúmlega þrjátíu daga í orlof,“ segir Elías og bendir jafnframt á að þetta sé algerlega bundið hverju stéttarfélagi fyrir sig. „Lögin eru það sem öll stéttarfélögin byggja á en svo eru mismunandi áherslur út frá þeim, Efling, Rafiðnaðarsambandið, ríkið, bankar og svo framvegis - áherslur félaganna á hvernig orlofsdagar ávinnast eru misjafnar og um að gera fyrir launafólk að kynna sér þær,“ segir Elías að lokum.

- mhg



## Bílstjórar – TNT Hraðflutningar

Íslandspóstur óskar eftir að ráða bílstjóra til TNT Hraðflutninga. Störfín eru dagvinna, 100% starfshlutfall. Vinnutíminn er frá kl. 8.00 - 16.15 alla virka daga. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Hæfniskröfur:

- Stundvísi
- Snyrtimennska
- Skipulag og þægileg samskipti

Umsóknarfrestur er til 15. júlí

Umsóknum skal skilað til:

Íslandspóstur hf  
Póstmiðstöð  
Haukur Barkar  
Stórhöfða 32  
110 Reykjavík  
Merkt: TNT bílstjóri

Einnig er hægt að sækja um á [www.postur.is](http://www.postur.is)



PÓSTURINN  
allur pakkinn



Hraðflutningar



## Mömmu gengur vel!

Hjá Mömmu starfar lífsglatt, þjónustulundað og metnaðarfullt starfsfólk sem hamast við að gera viðskiptavininn ánægðan og Mömmu stolta.

Mamma ætlar að fjölga í hópnum og þarfnast nú fleiri sölu- og tæknimanna.

Viltu vinna hjá Mömmu?

Farðu þá inn á [mamma.is](http://mamma.is) og fylltu út starfsumsókn.

Lífsgleði – þjónusta – metnaður!



[Mamma.is](http://Mamma.is) | 414 9000



Sundlaugarverðir verða að hafa náð átján ára aldri.

## Aldur sundlaugarvarða

MEGA EKKI VERA UNDIR ÁTJÁN ÁRA ALDRI

Ákveðnar reglur gilda um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar. Meðal annars er gerð krafa um að þeir sem sækja um starf við sundstaði verði að hafa náð 18 ára aldri og leggi fram heilbrigðisvottorð.

Í reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga er kveðið á um hvaða störfum ungmenni megi gegna. Í reglugerðinni kemur fram að ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna störf sem geta ógnað líkamlegum eða andlegum þroska þeirra; er vinna á sundstöðum þó ekki sérstaklega talin upp þar. Þegar reglurnar og reglugerðin eru lesin saman þá er ljóst að ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna á sundstöðum. Ötvírátt er að þau mega ekki vinna við laugargæslu eða önnur vaktstörf á sundstöðum.

Á stærri sundstöðum má ráða starfsmenn undir átján ára aldri til að gegna léttum störfum í miðasölu og sælgætissölu en þá þarf atvinnurekandi að sýna fram á að þeir starfsmenn muni aldrei sinna vaktstörfum af neinu tagi. Þeir þyrftu einnig að starfa undir umsjón starfsmanna 18 ára eða eldri því þeir mega ekki bera fjárhagslega ábyrgð fyrr en við 18 ára aldur. [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)



## » Ráðningarþjónusta

Ert þú í  
atvinnuleit?Leyfðu okkur  
að aðstoða.Skráðu þig á  
[www.hhr.is](http://www.hhr.is).HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTAHH Ráðgjöf, Ráðningarþjónusta • Fiskilóð 81 • 107 Reykjavík  
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)

## KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

## Félagsstarf aldraðra:

- Gjábakkí, matráður 80% sími 554 3400 kl. 10-11

## Félagsþjónusta Kópavogs:

- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

## Roðasalir, sambýli og dagþjálfun fyrir heilabílaða:

- Sjúkraliði 100% starf
- Sjúkraliðanemi í hlutast. með námi
- Starfsmaður til aðhlyningar

## Sundlaug Kópavogs:

- Afgr./laugarv./baðvarsla kvenna 100%
- Afgr./laugarv./baðvarsla karla 100%

## Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Laugarvarsla/baðvarsla karla

## GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

## Digranesskóli:

- Umsjónarkennari á yngsta stig

## Hjallaskóli:

- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Umsjónarkennari á miðstigi

## Hörðuvallaskóli:

- Forstöðumaður Dægradvalar

## Kársnesskóli:

- Íþróttakennari
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Gangavörður/ræstir 100%

## Kópavogsskóli:

- Störf við ræstingar (75%)

## Salaskóli:

- Umsjónarkennari í 1. – 4. bekk
- Kennari með þekkingu á táknmáli
- Stuðningsfulltr. m/þekkingu á táknmáli
- Stuðningsfulltrúi á unglíngastig
- Stuðningsfulltrúi á yngsta stig
- Proskapjálfi til að vinna m/einhverfum
- Starfsfólk í dægradvöl, gangavörslu og ræstingar

## Smáraskóli:

- Aðstoðarskólalastjóri
- Tónmenntakennari 100%

## Vegna foreldraorlofa:

- Náttúrufyr/Stærðfr. 8.–10. bekk 1.8.–15.11

## Snælandsskóli:

- Umsjónarkennari yngsta stig
- Heimilisfræðikennari

Nánari upplýsingar á:  
[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)  
og [www.job.is](http://www.job.is)Bílstjórar  
á minni sendibíla

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibílum á höfuðborgarsvæðinu. 100% starfshlutfall, framtíðarstörf. Vinnutími er frá frá 07.30 - 16.55 og frá kl.16.30 - 22.15.

## Hæfniskröfur:

- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskirteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknarfrestur er til 15. júlí

Umsóknum skal skilað til:

Íslandspóstur hf.  
Póstmiðstöð  
Linda Björk  
Stórhöfða 32  
110 Reykjavík  
Merkt: BílstjórarStarfsúmsókn er einnig hægt að fylla út á [www.postur.is](http://www.postur.is)PÓSTURINN  
allur pakkinnÚtkall til  
LondonLOGOS leitar að góðum lögfræðingum  
til starfa í London.

Á skrifstofu LOGOS í London hafa nú þegar verið ráðnir 7 lögfræðingar, íslenskir og breskir, og hópurinn stækkar ört. Verkefni eru krefjandi og fjölbreytt, allt frá yfirtöku West Ham United til yfirtöku og fjármögnun á Actavis Group hf., en eru flest í tengslum við útrás íslenskra fyrirtækja. Verkefni teygja sig allt frá Kína til Bandaríkjanna þó áherslan sé á Bretland og Evrópu. LOGOS óskar eftir að ráða allt að 3 íslenska lögfræðinga sem hafa metnað og áhuga til þess að slást í öflugan hóp okkar í London. Skrifstofan er staðsett í hjarta City, fjármálahverfis borgarinnar. Forstöðumaður útíbús LOGOS í London er Guðmundur J. Oddsson.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

Kandidats- eða meistaraþróf í lögfræði ásamt allt að þriggja ára starfsreynslu. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og / eða áhuga á félagarétti, fjármögnun fyrirtækja, viðskiptasamningum, samruna og yfirtöku fyrirtækja. Mjög góð enskukunnátta er áskilin ásamt skipulögðum og nákvæmum vinnubrögðum, metnaði og sjálfstæði í starfi og síðast en ekki síst logandi áhuga.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til Sigríðar Þorgeirsdóttur, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs á [sigridur@logos.is](mailto:sigridur@logos.is), sem jafnframt veitir allar nánari upplýsingar. Umsóknarfrestur er til 16. júlí.

1907 **IOO** 2007Efstaleiti 5  
103 Reykjavík IS  
+354 5 400 300  
+354 5 400 30142 New Broad Street  
London EC2M 1JD  
+44 (0) 207 920 3000  
+44 (0) 207 920 3099[logos@logos.is](mailto:logos@logos.is)  
[www.logos.is](http://www.logos.is)**LOGOS**  
LÖGMANNSPJÓNUSTA  
SÍÐAN 1907



## Latibær óskar eftir bókara og gjaldkera



### Bókari sér um almenn bókhaldsstörf, aðstoð við uppgjör og önnur tilfallandi verkefni.

#### Hæfniskröfur

- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Æskilegt er að viðkomandi hafi góða og almenna ensku- og tölvukunnáttu

### Gjaldkeri sér um almenn gjaldkerastörf og önnur tilfallandi verkefni.

#### Hæfniskröfur

- Reynsla af gjaldkerastörfum
- Æskilegt er að viðkomandi hafi góða og almenna ensku- og tölvukunnáttu

Við leitum að einstaklingum sem eru skipulagðir, sjálfstæðir í vinnubrögðum, jákvæðir og góðir í mannlegum samskiptum.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir mánudaginn 16. júlí 2007.

Upplýsingar veita Rannveig J. Haraldsdóttir og Elísabet Sverrisdóttir.

Netföng: [rannveig@hagvangur.is](mailto:rannveig@hagvangur.is) og [elisabet@hagvangur.is](mailto:elisabet@hagvangur.is)



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

RÁÐGJAFAR

GARÐASTRÆTI 24  
101 REYKJAVÍK  
SÍMI 544 2400  
WWW.RADGJAFAR.IS

### SPORTVÖRUVERSLANIR Í KRINGLUNNI OG Á LAUGAVEGI TIL SÖLU

VERSLANIRNAR ÞJÓÐA UPP Á ÞEKKTA ALÞJÓÐLEGA MERKJAVÖRU OG FJÖLBREYTT ÚRVAL AF ÍÞRÓTTAFATNAÐI OG ÍÞRÓTTASKÓM. GÓÐ REKSTRARAFKOMA.

ÁHUGASAMIR, HAFIÐ VINSAMLEGAST SAMBAND VIÐ RÓBERT TRAUSTA ÁRNASON Í SÍMA 544 2402.

### Vefhönnuðir athugið!



Menntaskólinn á Akureyri auglýsir eftir tilboðum í nýjan skólavef. Vefurinn þarf að standast allar helstu aðgengis-kröfur, vera fallegur og grípanði og vera einfaldur í viðhaldi. Tilboð sendist á netfangið [vefstjorn@ma.is](mailto:vefstjorn@ma.is) fyrir 1. ágúst 2007.

Nánari upplýsingar á vef MA, [www.ma.is](http://www.ma.is), eða hjá vefstjóra í síma 824 1564 eða á netfanginu [vefstjori@ma.is](mailto:vefstjori@ma.is).

LÉTT  
BYLGJAN  
967

## KAREN MILLEN

Við erum að leita að duglegum einstaklingum í fullt starf og hlutastarf. Starfið felst í almennum verslunarstörfum og ráðgjöf til viðskiptavina.

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi

Umsóknarfrestur er til 13. júlí n.k.  
Ferilskrá sendist á netfangið [hulda@hbu.is](mailto:hulda@hbu.is)

KAREN MILLEN | Kringlunni og Smáralind | [karenmillen.com](http://karenmillen.com)

## BLAÐAMENN

Nýtt Líf

Vikan

GOLF  
BLAÐIÐ

Gestgjafinn

HÚS  
OG HÍBYLI

MANNLÍF

SÉÐ OG HEYRT

SAGAN ÖLL

Ísafold

Birtingur útgáfufélag óskar eftir röskum, hugmynda-  
ríkum og ritfærum blaðamönnum til starfa á nýjum  
fréttavef, dv.is.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.  
Um vaktavinnu er að ræða í 100% starfshlutfalli.

Nánari upplýsingar veitir Inga Huld Hermóðsdóttir í  
síma 515 5000 eða í tölvupósti [ingahuld@birtingur.is](mailto:ingahuld@birtingur.is).

Birtingur útgáfufélag er umfangsmesta tímaritaútgáfa landsins.  
Fyrirtækið gefur nú út 9 tímarit, en þau eru Nýtt Líf, Gestgjafinn,  
Mannlíf, Hús og híbyli, Séð og Heyrt, Ísafold, Sagan öll og  
GOLFblaðið. Tímaritin eru öll í fremstu röð og njóta mikilla vinsælda  
Íslenskra lesenda.

Öll starfsemi Birtings útgáfufélags fer fram að Lynghálslí 5 í Reykjavík.

BIRTINGUR  
ÚTGÁFUFEÐLAG

Auglýsingadeild 365 miðla leitar að sölu- og markaðsfulltrúa til að selja auglýsingar í Fréttablaðið. Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, metnað og góða þjónustulund. Þeir þurfa að vera skipulagðir, sjálfstæðir í vinnubrögðum og geta unnið undir álagi. Árangurstengd laun eru í boði.

Auglýsingadeild 365 miðla er ein öflugasta og framsæknasta söludeild landsins og hefur á að skipa hæfileikaríku starfsfólki. Vilt þú komast í þann hóp?

Umsóknum skal skila á [365midlar.is](http://365midlar.is) undir „starfsmenn - störf hjá 365“. Umsóknarfrestur er til 13. júlí n.k.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

## SÖLU- OG MARKAÐSFULLTRÚI



# ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur:

Sléttuvegar - Nýtt íbúðahverfi - Hönnun.

Verkinu skal lokið 1. febrúar 2008.

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 frá og með 10. júlí 2007, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Um er að ræða 2ja umslaga kerfi:

Móttaka tæknilegra upplýsinga og verð-tilboða er kl.

14:00 þann 24. júlí 2007, hjá upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun verðtilboða og till kynning á einkunnagið er kl. 14:00

þann 2. ágúst 2007, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12008

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg  
Þjónusta- og rekstrarsvið



Innkaupa- og rekstrarskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048

Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)



## Verkefnastjóri

### Stafnás ehf.

Stafnás ehf. er ungt bygginga- og verkfræðifyrirtæki, stofnað 2003.

Um þessar mundir er fyrirtækið að byggja 10.500 m<sup>2</sup> fjölbýlishús og 8.000 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði, ásamt því að sinna verkefnum í Kaupmannahöfn. Fyrirtækið er jafnframt að hefja nýtt uppsteypunarverkefni á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Um 100 starfsmenn starfa nú hjá fyrirtækinu. Stafnás ehf. leggur metnað sinn í fagleg vinnubrögð, gott starfsumhverfi og góðan aðbúnað á vinnustað.

### Stafnás ehf. óskar að ráða öflugan verkefnastjóra til starfa.

Verkefnastjóri er æðsti yfirmaður á byggingastað og ber ábyrgð á framgangi verka gagnvart verkefnastjórn.

#### Starfssvið

- Samninga- og kröfugerð
- Gerð verk-, innkaupa- og greiðsluáætlana
- Gerð vinnureglna í samráði við gæðastjóra
- Samskipti við verkkaupa og opinbera aðila
- Ýmis önnur verkefni

#### Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á byggingasviði, s.s. verkfræði eða tæknifræði
- Sérmenntun á sviði byggingaframkvæmda og/eða verkefnastjórnunar
